

## 057/00 - M.b. Hrímnir ÁR-51 - M.b. Faxaborg SH-207

Hrímnir ÁR-51 og Faxaborg SH-207 í árekstri SV af Þorlákshöfn

### M.b. Hrímnir ÁR-51

**Skipaskr.nr.:** 1468

**Smíðaður:** á Akureyri 1976 úr eik

**Stærð:** 28,83 brl; 27,00 bt

**Lengd:** 17,47 m **Breidd:** 4,30 m **Dýpt:** 2,08 m

**Vél:** Volvo Penta 280,00 kW **Árgerð:** 1997

**Annað:**

**Földi skipverja:** 4



Hrímnir ©Hafþór Hreiðarsson



Fxaborg ©Hafþór Hreiðarsson

### M.b. Faxaborg SH-207

**Skipaskr.nr.:** 0257

**Smíðaður:** í Noregi 1964 úr stáli

**Stærð:** 192,34 brl; 276,00 bt

**Lengd:** 35,04 m **Breidd:** 7,04 m **Dýpt:** 6,20 m

**Vél:** Cummins 701,00 kW **Árgerð:** 1989

**Annað:** skipið var yfirbyggt 1985

**Fjöldi skipverja:** 10

## Atvikalýsing

Hinn 10. maí 2000 fór m.b. Hrímnir ÁR-51 úr höfn til veiða með netum. Veður: 2 vindstig, sjólítið.

Verið var að veiðum á miði er kallast Háaleiti. Voru þeir að draga netin fram til kl 14:00. Þegar kom að því að draga síðustu trossuna kom í ljós að trossa frá öðru skipi lá yfir annan enda trossunnar og því hætt við að draga hana. Var stefnan sett í leiðarpunkt 0,5 sml. suður af Hafnarnesvita og sigldur hraði um 8 sml. og stefnan 080° m/v.

Þegar skipverjar voru að ljúka við að draga netin sáu þeir til m.b. Faxaborgar SH-207 þar sem verið var að draga netin 0,5 sml norðvestur af þeim stað er m.b. Hrímnir ÁR-51 var á.

Ekkert segir af ferðum m.b. Hrímnis ÁR-51 næstu 25-30 mínúturnar þegar skipstjóri, sem var að fylla út skipsbækurnar, sá út undan sér stb.-bóginn á skipi við bb.-bóginn á eigin skipi. Í því skullu skipin saman, stb.-bógur aðkomuskips og bb.-bógur m.b. Hrímnis ÁR-51. Kom talsvert högg á skipið, skipstjóri dró af vélarafli og dróst stefni m.b. Hrímnis ÁR-51 aftur stjórnborðssiðu aðkomuskips sem reyndist vera m.b. Faxaborg SH-207.

Skemmdir urðu ofan sjólínu á m.b. Hrímnir ÁR-51. Engin slys á mönnum.

Um borð í m.b. Faxaborg SH-207 hafði veiðum lokið um kl. 14:00 og var þá stefnan sett í punkt 0,6 sml. suður af Hafnarnesi. Sigldur hraði var 10 sml. og stefnan 067° til 068° r/v.

Stýrimaðurinn leysti skipstjórnann af á stjórnþalli skömmu eftir að heimsigling hófst, en skipstjórinn lagði sig. Skömmu eftir að stýrimaður tók við stjórn bátsins fannst honum stefnan liggja of nærri Hafnarnesinu og breytti henni 10° til stjórnborða eða í 070° m/v. Stýrimaður

hugðist vera um 1,0 sml. frá landi. Haldin stefna hafi því verið 67° til 68° r/v. Stefubreytingin hafi verið gerð skömmu áður en áreksturinn varð.

Smávægilegar skemmdir urðu á m.b. Faxaborg SH-207.

Bæði skipin komust til hafnar án aðstoðar.

Hinn 10. maí 2000 fór m.b. Hrímnir ÁR-51 úr höfn til veiða með netum. Veður: 2 vindstig, sjólítið.

Verið var að veiðum á miði er kallast Háaleiti. Voru þeir að draga netin fram til kl 14:00. Þegar kom að því að draga síðustu trossuna kom í ljós að trossa frá öðru skipi lá yfir annan enda trossunnar og því hætt við að draga hana. Var stefnan sett í leiðarpunkt 0,5 sml. suður af Hafnarnesvita og sigldur hraði um 8 sml. og stefnan 080° m/v.

Þegar skipverjar voru að ljúka við að draga netin sáu þeir til m.b. Faxaborgar SH-207 þar sem verið var að draga netin 0,5 sml norðvestur af þeim stað er m.b. Hrímnir ÁR-51 var á.

Ekkert segir af ferðum m.b. Hrímnis ÁR-51 næstu 25-30 mínúturnar þegar skipstjóri, sem var að fylla út skipsbækurnar, sá út undan sér stb.-bóginn á skipi við bb.-bóginn á eigin skipi. Í því skulu skipin saman, stb.-bógur aðkomuskips og bb.-bógur m.b. Hrímnis ÁR-51. Kom talsvert högg á skipið, skipstjóri dró af vélarafli og dróst stefni m.b. Hrímnis ÁR-51 aftur stjórnborðssíðu aðkomuskips sem reyndist vera m.b. Faxaborg SH-207.

Skemmdir urðu ofan sjólínu á m.b. Hrímnir ÁR-51. Engin slys á mönnum.

Um borð í m.b. Faxaborg SH-207 hafði veiðum lokið um kl. 14:00 og var þá stefnan sett í punkt 0,6 sml. suður af Hafnarnesi. Sigldur hraði var 10 sml. og stefnan 067° til 068° r/v.

Stýrimaðurinn leysti skipstjórnann af á stjórnþalli skömmu eftir að heimsigling hófst, en skipstjórinn lagði sig. Skömmu eftir að stýrimaður tók við stjórn bátsins fannst honum stefnan liggja of nærri Hafnarnesinu og breytti henni 10° til stjórnborða eða í 070° m/v. Stýrimaður hugðist vera um 1,0 sml. frá landi. Haldin stefna hafi því verið 67° til 68° r/v. Stefubreytingin hafi verið gerð skömmu áður en áreksturinn varð.

Smávægilegar skemmdir urðu á m.b. Faxaborg SH-207.

Bæði skipin komust til hafnar án aðstoðar.

#### **Við rannsókn kom fram**

- að veður hafði breyst lítillega eða í sunnan átt, 3-4 vindstig, rigning, skyggni 1,5 - 2,0 sml;
- að stýrimaður m.b. Faxaborgar SH-207 sagði að þeir hafi verið búnir að sigla í u.þ.b. 40 mínútur áður en árekstur varð;
- að stýrimaður m.b. Faxaborgar SH-207 sá aldrei til m.b. Hrímnis ÁR-51 fyrr en árekstur varð;
- að stýrimaður m.b. Faxaborgar SH-207 sagði að sjálfstýring hafi slegið út og skipið snúist til stjórnborða. Hann sagðist hafa verið að skipta um skjákort í tölvu skipsins þegar hann sá að eitthvað var ekki eins og hann taldi að það ætti að vera og leit á sjálfstýringuna. Sá hann þá að hún sýndi stefnu 124° m/v í stað um 70° m/v;
- að skipstjóri m.b. Faxaborgar SH-207 sagði að sjálfstýringin væri þannig búin að hljóðmerki kæmi ef hún virkaði ekki rétt;
- að útsýni frá stól skipstjóra m.b. Hrímnis ÁR-51 stb.-megin í stýrishúsi er gott beint fram og til stjórnborða en útsýni ekki gott til bakborða. Er ýmsum tækjum komið fyrir sem hindra útsýni yfir til bakborða;
- að skipstjóri m.b. Hrímnis ÁR-51 sat í skipstjórastól og var að færa í skipsbækur;
- að skipstjórarmenn beggja skipanna viðurkenna að ekki hafi verið viðhöfð nægjanleg árvekni á stjórnþalli beggja skipanna;
- að munur á staðsetningu á árekstrarstað í hvoru skipi um sig er ekki marktækur;

**Nefndarálit**

Nefndin telur að orsök áreksturs skipanna sé að varðstaða á stjórnþalli skipanna var ekki samkvæmt ákvæðum alþjóðareglna til að koma í veg fyrir árekstur á sjó.